



Heimilisvernd 1

Skilmáli E-31

Heimilisvernd 1 veitir viðtæka og alhliða vernd og inniheldur allar helstu tryggingar sem nauðsynlegar eru fyrir heimili og fjölskyldur. Tryggingin inniheldur ákveðnar grunntryggingar, m.a., innbústryggingu og slysatryggingu í frítíma en einnig eru til viðbótar valkvæðar ferðatryggingar.

Tryggingin samanstendur af skirteini ásamt áritun og sérskilmálum, skilmála þessum, almennum skilmála félagsins nr. AS-1 og ákvæðum laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, hér eftir vsl. Ákvæði í skilmála þessum ganga framur ákvæðum almenna skilmálans, ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

Þegar iðgjald er greitt af þessari tryggingu er jafnframt greitt náttúruhamfaratryggingariðgjald. Lausafjármunir þeir sem brunatrygging nær yfir verða þá sjálfkrafa tryggðir fyrir náttúruhamförum, svo sem jarðskjálftum, snjóflóðum, eldgosum og öðrum sambærilegum atvikum, eins og nánar er kveðið á í lögum nr. 55/1992 um Náttúruhamfaratryggingu Íslands.

Skilgreiningar

Félagið: Vörður tryggingar hf.

Tryggingartaki: Sá einstaklingur sem tekur trygginguna í sínu nafni og er jafnframt greiðandi hennar.

Tryggðir/ur: Tryggingartaki, maki hans eða sambýlismaki og ógift börn þeirra, enda eigi þessir einstaklingar sameiginlegt lögheimili á Íslandi, búi á sama stað og hafi sameiginlegt heimilishald.

Heimili: Sá staður sem gefinn er upp á skirteini sem tryggingarstaður og sem er jafnframt lögheimili tryggingartaka og heimilisfólks hans.

Innbú: Lausafé og persónulegir munir sem fylgja almennum heimilishaldi og teljast ekki vera hluti af húseign eða fylgifé hennar. Við það skal miðað að innbú teljist allt það sem tryggðir myndu almennt flytja með sér ef þeir flyttu á milli heimila. Dyr, tjaldevagnar, hjólhýsi, bátar, bílar og önnur vélknúin ökutæki teljast ekki vera hluti af innbúi sem og vörur sem ætlaðar eru til sölu og/eða vinnslu.

Tryggingarfjárhæð: Sú fjárhæð sem tiltekin er á skirteini sem hámarksbætur fyrir hvern tryggingarlið fyrir sig.

Efnisyfirlit:

- Innbústrygging
- Innbúskaskó (valkvæð)
- Ábyrgðartrygging

1. Kafli. Innbústrygging

1. gr. Brunatrygging

Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir tjón á tryggðum munum af völdum:

- Eldsvoða.** Sviðnun eða bráðnun án þess að eldur verði laus er ekki eldsvoði í skilningi þessarar greinar.
- Eldingar.** Með eldingu er átt við varma eða kraftverkun rafmagns í sambandi við leiðni eldingarstraums til jarðar. Tryggingin bætir tjón af völdum eldingar þótt ekki verði laus eldur.
- Sprengingar.** Hér er átt við efnahvörf sem gerast á svipstundu með mikilli varmamyndun og öflugri rúmtaksaukningu efna.
- Skammhlaup í raftækjum.**
- Sótfalls frá viðurkenndu kynditæki og eldstæði.** Þegar tjón verður við skyndilegar og ófyrirséðar ástæður.
- Slökkvi- og björgunarstarfa.** Félagið greiðir sanngjarnan kostnað við björgun, flutning og geymslu á tryggðu innbúi þegar markmið ráðstöfunarinnar er að forðast eða takmarka tjón sem fellur undir trygginguna. Það sama á við um innbú sem glatast við slökkvi- og björgunaraðgerðir.
- Loftfars sem hrapar.** Hér er átt við tjón sem verður vegna loftfars eða hluta úr loftfari sem hrapar eða fellur af himnum ofan. Tryggingin bætir tjón þótt ekki verði laus eldur.

Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki tjón:

- a. vegna sviðnunar eða bráðnunar, sem ekki verður talið eldsvoði, svo sem þegar hlutur sviðnar frá straujárnri, frá glóð vegna tóbaksreykinga, eldstæðum eða þess háttar né tjón á munum, sem settir eru viljandi í hættu frá eldi eða hita.
- b. sem verða vegna vinnu með sprengiefni við verklegar framkvæmdir.
- c. vegna skammhlaups á tækjum sem eru eldri en 10 ára, tjón sem ábyrgð seljanda nær yfir eða tjón sem rekja má til bilunar hjá rafmagnsveitu og veldur spennubreytingu.
- d. vegna sóts sem safnast hefur fyrir smám saman við notkun kynditækja.

2. gr. Vatnstjónstrygging

Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir tjón af völdum:

- a. vatns, olíu og gufu, sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum hússins og eiga upptök sin innan veggja hússins.
- b. vatns sem streymir óvænt og skyndilega frá vatnsrúmum eða fiskabúrum vegna bilana.
- c. vatns sem flæðir úr hreinlætistöskjum vegna mistaka eða bilana á tækjunum og vegna leka frá frystikistum og kælikápum.
- d. yfirborðsvatns sem orsakast af skyndilegu úrhelli eða asahláku og verður svo mikið að frárennislisleiðslur ná ekki að flytja það frá. Hafa skal til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á tjónssvæðinu af völdum úrhellis- og/eða asahláku þegar tjónsatburðurinn átti sér stað.

Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki tjón:

- a. sem verða ef vatn streymir óvænt eða skyndilega frá niðurföllum eða þakrennum.
- b. vegna utanaðkomandi vatns, svo sem grunnvatns, úrkomu, flóða eða vatns frá þakrennum eða frárennislisleiðslum þeirra.
- c. vegna vatns sem þrýstist upp úr skólþ- eða frárennislisleiðslum eða ef skólþleiðslur geta skyndilega ekki flutt allt það vatn sem berst, þó með þeirri undantekningu ef leiðsla stíflast eða springur innanhúss.
- d. vegna utanaðkomandi vatns frá þökum, þakrennum, svölum eða vegna sjávarfalla, flóða eða grunnvatns.

Varúðarreglur

- a. Í úpphituðu húsnæði skal lokað fyrir vatnsaðstreymi, vatnslagnir ásamt viðfestum tækjum skulu tæmd af vatni þegar hætta er á frosti.
- b. Tryggðum er skylt, að svo miklu leyti sem það er á hans valdi, að hafa niðurföll í lagi með því að hreinsa frá þeim aur eða klaka.

3. gr. Innbrotstrygging

Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir tjón vegna:

- a. innbrots í læstri íbúð, bifreið, einkabát, einkaloftfar.
- b. innbrots í sumarhús, hjólhýsi og veiðihúsi þegar búið er í þeim.
- c. skemmda í íbúðinni sökum innbrotsins, að undanskildum brotnum rúðum, með allt að 5% af tryggingarfjárhæð innbúsins.
- d. hámarksbætur í hverju innbrotstjóni í bifreið, einkabát, einkaloftfar, bílskúr og geymslu utan íbúðarhúsnæðis eru 5% af tryggingarfjárhæð innbúsins.

Varúðarreglur

- a. Læsa ber tryggilega íbúðarhúsnæði, bílum og öðrum stöðum sem tryggingin tekur til þegar þeir eru mannlusir eða heimilisfólk í svefni.
- b. Tryggðum ber að loka og krækja aftur gluggum og ganga að öðru leyti þannig frá að óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang að verðmætum.
- c. Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að lögregluskýrslu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni og að á vettvangi séu greinileg ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn.

4. gr. Þjófnaðar- og ránstrygging

Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir tjón vegna:

- a. þjófnaðar úr ólæstri íbúð, þó ekki peninga, verðbréf, skartgrip og handrit. Bætur takmarkast við 5% af tryggingarfjárhæðinni.
- b. þjófnaðar úr grunnskóla, þó ekki peninga og skartgrip. Bætur takmarkast við 5% af tryggingarfjárhæðinni. Ákvæðið á eingöngu við um þjófnað á munum í eigu grunnskólanemenda og gildir einnig í íþróttahúsum, fristundaheimilum og á sundstöðum á vegum grunnskólans þegar nemendur eru í umsjá kennara.
- c. þjófnaðar á reiðhjóli, rafmagnshjóli, léttu bifhjóli í flokki I skv. skilgreiningu umferðarlaga, barnavagni og barnakerru. Hámarksbætur eru 1,5% af tryggingarfjárhæð.
- d. ráns, þ.e. töku tryggðra muna með líkamlegu ofbeldi eða hótun um að beita því þegar í stað.

Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að lögregluskýrslu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni og að á vettvangi séu greinileg ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn.

Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki tjón vegna:

- þjófnaðar úr íbúð, hjólhýsi eða sumarhúsi sem hafa verið mannlaua í 6 mánuði.
- þjófnaðar úr húsnæði eða farartækjum sem tryggður leigir eða lánar öðrum.
- þjófnaðar úr tjöldum eða tjaldvögnum.

Varúðarreglur

- Læsa skal íbúðarhúsum, farartækjum, bílskúrum, öðrum geymslum og iverustöðum, loka gluggum og krækja aftur.
- Ekki skal skilja við ólæsta íbúð mannlaua eða þegar heimilisfólk er í svefni.
- Ekki skal skilja annað en fatnað eftir í fatahengjum eða ólæstum fataskápum í grunnskóla, íþróttahúsi, sundstað og frístundaheimili.
- Reiðhjóli og léttu bifhjóli í flokki I ber að læsa þegar munirnir eru ekki inni í læstu húsnæði og geyma skal lykla á öruggum stað. Sýna skal aðgát við frágang barnavagns og barnakerru.

5. gr. Brot- og hrunstrygging

Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir tjón vegna brots eða hruns á innbúi á heimili tryggðs vegna tilfallandi bilana.

Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki tjón:

- á verkfærum, gleraugum og úrum vegna brots eða hruns.
- af völdum vökva, sem hellist niður við brot eða hrun.
- vegna brots eða hruns af manna völdum.

6. gr. Snjópungatrygging

Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir tjón vegna skyndilegs snjópunga sem sligað hefur þak eða veggj húseignarinnar, þannig að tjón verði á innbúinu.

Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki tjón af völdum snjóflóða eða tjón sem er afleiðing byggingargalla.

7. gr. Fok- og óveðurstrygging

Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir tjón vegna skemmda tryggða af völdum óveðurs (28,5 m/s eða meira) og tjónið er afleiðing þess að vindur hefur rofið þak, glugga eða aðra hluta hússins. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað þegar tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum óveðurs þegar tjónsatburðurinn varð.

8. gr. Kæli- og frystivörur

Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir tjón vegna ófyrirséðra stöðvunar á kælikerfi ísskáps eða frystikistu, enda leiði það til eyðileggingar á matvælum sem í þeim eru. Hámarksbætur eru 2% af tryggingarfjárhæð.

Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki tjón sem verður á ísskáp eða frystikistu vegna ófyrirséðrar stöðvunar á kælikerfi tækisins ef tækið er eldra en 5 ára og/eða ábyrgð seljanda nær ekki til tjónsins.

Varúðarreglur

- Tryggður skal sjá til þess að notkun tækisins sé í samræmi við notkunarleiðbeiningar.
- Tryggður skal sjá til þess að notkun rafmagnstækja sé í samræmi við notkunarleiðbeiningar.

9. gr. Ofhitnun á þvotti

Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir tjón vegna ofhitnunar (suðu) á þvotti í þvottavél eða þurrkara ef tjónið stafar af bilun í þessum tækjum. Það er skilyrði fyrir greiðslu bóta að tryggður leggi fram reikning fyrir viðgerð með bilunarlýsingu viðgerðarmanns.

Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki tjón á þvottavélinni sjálfri vegna suðu (ofhitnunar).

Varúðarregla

Tryggður skal sjá til þess að notkun á þvottavél eða þurrkara sé í samræmi við notkunarleiðbeiningar.

10. gr. Skemmdarverk

Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir tjón vegna skemmdarverka, þ.e. skemmda á tryggðum munum sem valdið er af ásetningi, þó ekki ef því er valdið af tryggðum sjálfum eða einhverjum einstaklingi sem heimild hefur haft til veru á heimili tryggða.

Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki tjón vegna skemmdarverka á munum sem voru utan dyra annars staðar en við heimili tryggðs. Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að lögregluskýrslu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni.

11. gr. Umferðaróhapp

Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir tjón vegna umferðaróhappa, þ.e. skemmda á innbúi, sem er í ökutæki sem lendir í umferðaróhappi og ekki er bótaskyld úr öðrum tryggingum.

Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki tjón sem verða við búferlaflutninga eða við flutning gegn gjaldi, né tjón sem er bótaskyld úr öðrum tryggingum við flutninga.

12. gr. Hvað er tryggt?

Innbústrygging tekur til almenns innbús í eigu tryggða sem staðsett er á því heimili sem tiltekið er á skirteini.

Almennt innbú er:

- Innbú og persónulegir munir sem fylgja almennu heimilishaldi og telst ekki vera hluti af húseign eða almennu fylgifé hennar. Dýr, tjaldvagnar, hjólhýsi, bátar, mótorknúin tómsundaáhöld, bílar og önnur vélknúin ökutæki teljast ekki vera innbú í skilningi þessa skilmála.
- Gleraugu, gervitennur og heyrnatæki í eigu tryggða.

Til viðbótar við innbú skv. a. og b. lið. 12. gr. falla eftirfarandi munir undir innbústrygginguna með þeim takmörkunum sem getið er í hverjum lið fyrir sig:

- Peningar, verðbréf, handrit, frumteikningar, mynt- og frímerkjasöfn sem bætast allt að 1% af fjárhæð innbús samkvæmt skirteini, enda séu þessir munir á skráðu lögheimili tryggðu þegar tryggingaratburður verður.
- Skartgripir og úr bætast með allt að 5% af fjárhæð innbús sem kemur fram á skirteini, enda séu þessir munir á skráðu lögheimili tryggða þegar tryggingaratburður verður.
- Bílstólar, þverbogar, skíðafestingar, hjólafestingar og ferðabox, hvort sem munir eru geymdir í bílskúr eða annarri geymslu á heimili tryggingataka sem tilgreint er á skirteini eða áfastir á eða í einkabifreið tryggða.
- Verkfæri, varahlutir, áhöld sem tryggður á og notar sem launþegi við atvinnu sína. Hámarksbætur eru 5% af tryggingarfjárhæð innbús.
- Einn umgangur af sumar- eða vetrarhjólborðum undir hvern einkabíl sem skráður er á tryggðu og geymdir eru í bílskúr eða annarri geymslu. Hámarksbætur eru 5% af tryggingarfjárhæð innbús.
- Auka- og varahlutir sem tilheyra vélknúnu ökutæki, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagni eða skemmtibát í eigu tryggðu og eru til einkanota, sem geymdir eru í bílskúr eða annarri geymslu. Hámarksbætur eru 2% af tryggingarfjárhæð innbús.

13. gr. Munir staðsettir utan heimilis

- Tryggingin tekur til almenns innbús sem staðsett er hérlendis utan heimilis í allt að 3 mánuði skv. 1. kafla. Almennt innbú í sumarbústöðum, lausafé í hesthúsum eða önnur sambærileg verðmæti, sem varanlega eru staðsett annars staðar en á heimilinu, fellur ekki undir þessa tryggingu. Bætur samkvæmt þessum lið takmarkast við 15% af tryggingarfjárhæðinni, sbr. þó það sem kemur fram í 1. kafla. Hægt er að kaupa sérstakar tryggingar á þær áhættur sem þessi grein undanskilur.
- Tryggingin tekur til innbús skv. 12. gr. sem flutt er í geymslu vegna framkvæmda á heimili tryggðu eða flutninga í allt að 12 mánuði frá upphafi geymslutímabils.

14. gr. Ákvörðun bóta

Bætur miðast við að fjárhagsstaða tryggðs verði sú hin sama og fyrir tjónið, að svo miklu leyti sem unnt er.

Félaginu er heimilt að bæta tjón með peningagreiðslu, greiða kostnað við fullnægjandi viðgerð á hinum skemmda hlut eða afhenda tryggðum heila samsvarandi muni og tjón varð á. Þegar um peningagreiðslu er að ræða nemur fjárhæð bóta að hámarki þeirri fjárhæð sem félagið hefði greitt fyrir viðgerð eða enduröflun tryggða.

Bætur eru greiddar á grundvelli verðs nýrra hluta að frádregnum afskriftum vegna aldurs og notkunar.

Þegar um er að ræða bætur vegna eftirtalinna muna hefur félagið heimild til þess að styðjast við eftirfarandi töflu. Afskriftir geta aldrei orðið meiri en 70% í neðangreindri töflu.

Tegund	Ár án afskrifta	Afskriftir
Fatnaður fullorðinna	1 ár	20%
Fatnaður barna	1 ár	30%
Húsgögn	1 ár	10%
Rafmagnstæki	1 ár	10%
Reiðhjól, rafmagnshjól og létt bifhjól	1 ár	15%
Gólfteppi og önnur laus gólfefni	1 ár	20%
Skíða, golf- og útvistarbúnaður	1 ár	10%
Myndavélar og fylgihlutir	1 ár	15%
Gleraugu	1 ár	10%
Heyrnatæki	1 ár	20%

Eftirfarandi munir afskrifast að fullu eftir 3 ár. Fyrst þegar tækin eru 12 mánaða frá kaupdegi svo eftir það á 6 mánaða fresti.

Tegund	Afskrifast á	Afskriftir
Snjallsimar og farsimar ásamt fylgihlutum	6 mánaða fresti	20%

Eftirfarandi munir afskrifast að fullu eftir 5 ár.

Tegund	Ár án afskrifta	Afskriftir
Spjaldtölvur og lófátölvur ásamt fylgihlutum	1 ár	20%
Borðtölvur, fartölvur og íhlutir ásamt fylgihlutum	1 ár	20%
Snjallúr og snjalltæki ásamt fylgihlutum	1 ár	20%

- Tölvugögn og hugbúnaður bætist ekki.
- Minjagildi bætist ekki.
- Glatadír og stolnir munir, sem koma fram eftir að bótagreiðsla hefur verið innt af hendi, eru eign félagsins og skal þeim skílað til þess. Tryggður getur þó haldið mununum ef hann óskar þess með því að endurgreiða bæturnar. Félagið getur krafist framvísunar á skemmdum munum sem það hefur bætt að fullu.

15. gr. Aukakostnaður vegna brottflutnings

Tryggingin bætir tjón á tryggðum munum sem verða kann vegna nauðsynlegra aðgerða til að forða þeim frá yfirvofandi bótaskyldu tjóni. Verði nauðsynlegt fyrir tryggðan að flytja af heimili sínu vegna bótaskylds tjóns þar, greiðist óhákvæmilegur aukakostnaður vegna þess, þ.m.t. húsaleiga í sambærilegu húsnæði, þó aldrei hærri en sem nemur 1% tryggingarfjárhæðar á mánuði. Bætur greiðast þó ekki í lengri tíma en 6 mánuði.

16. gr. Hvar gildir tryggingin?

Innbústrygging gildir aðeins á Íslandi. Þegar tryggingartaki stendur í flutningum gildir tryggingin í 30 daga á bæði fyrra og seinna heimili tryggingartaka.

2. Kafli. Innbúskaskó (valkvæð)

Tryggingin er innifalin ef hún er tilgreind á skirteini.

17. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir tjón sem eiga rætur að rekja til skyndilegra og ófyrirsjáanlegra utanaðkomandi atvika á tryggingartímabilinu sem eru ekki bótaskyld samkvæmt 1. kafla um innbústryggingu eða ákvæðum 10. kafla um farangurstryggingu erlendis, jafnvel þó að fullar bætur fái ekki greiddar vegna viðkomandi tjóns.

18. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki tjón:

- vegna þjófnaðar.
- sem orsakast af snöggum hita- og/eða rakabreytingum.
- sem rekja má til eðlilegs slits, ófullnægjandi viðhalds svo og tjón sem eingöngu veldur útlitsgalla en rýrir ekki notagildi tryggðra muna.
- sem rekja má til dýra.
- sem rekja má til galla, rangrar samsetningar og innri bilana, svo sem vélrænna bilana.
- vegna tapaðra eða skemmdra gagna og/eða hugbúnaðar.
- á peningum, verðbréfum, handritum, mynt, frímerkjasöfnun og minjagildi.
- sem rekja má til myglu eða sveppagróðurs.
- sem rekja má til þess að tryggður munur er mislagður, gleymist, týnist eða skilinn eftir á almannafæri.
- sem rekja má til hvers konar meindýra.

19. gr. Varúðarreglur

- Læsa ber tryggilega heimilinu, bílum og öðrum stöðum þar sem verðmæti eru geymd þegar staðirnir eru mannlausir eða heimilisfólk í svefni. Enn fremur ber að loka gluggum og krækja aftur og ganga að öðru leyti þannig frá að óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang að verðmætum.
- Gæta skal þess að taka tryggða muni með sér þegar staðir eru yfirgefnir og gæta þeirra þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim.
- Fara skal að fyrirmælum framleiðanda hvað varðar meðhöndlun, uppsetningu, notkun og viðhald hins tryggða.

20. gr. Hvað er tryggt?

Tryggingin tekur til almenns innbús og persónulegra muna sem fylgja almennu heimilishaldi. Tryggingin tekur einnig til innbús skv. d. og e.lið 1. kafla skilmálans.

21. gr. Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir á Íslandi og á ferðalagi erlendis í 92 samfellda daga frá brottfarardegi á Íslandi og heim aftur, en einungis ef tryggður er jafnframt með farangurstryggingu hjá félaginu sem hluta af tryggingu þessari.

22. gr. Önnur ákvæði

Um tryggingu þessa gilda að öðru leyti skilmálar innbústryggingar eftir því sem við á.

3. Kafli. Ábyrgðartrygging einstaklings

Hlutverk ábyrgðartryggingarinnar er að greiða tjónþola skaðabætur hafi tryggður bakað sér skaðabótaábyrgð og tjónþoli ekki verið meðsekur eða meðábyrgur. Einnig að greiða kostnað sem tryggður verður fyrir ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum. Þar sem skaðabótaábyrgð er oft flókið lögfræðilegt úrlausnarefni ber tryggðum að leita samráðs við félagið um réttarstöðu sína ef hann er krafinn um bætur vegna tjóns sem hann er talinn eiga sök á. Viðurkenning tryggðs á skaðabótaskyldu sinni skuldbindur aðeins hann sjálfan en ekki félagið. Tryggður getur því með slíkri viðurkenningu átt það á hættu að þurfa að greiða sjálfur skaðabætur vegna tjóns sem ábyrgðartryggingin tekur ekki til.

23. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir:

- skaðabótaskyldu sem fellur á einhvern hinna tryggðu einstaklinga samkvæmt íslenskum lögum, enda sé skaðabótaskyldan bein afleiðing af tjóni á mönnum eða munum (þar með talið húseign og dýr) og ekki viðtækari en

venjuleg skaðabótaskylda utan samninga. Tryggingin bætir slík tjón að því leyti sem tjónþoli (þriðji aðili) á ekki að bera tjónið sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar.

- b. tjón af völdum barns, yngra en 10 ára, án tillits til skaðabótaskyldu af lögum, að því leyti sem tjónþoli (þriðji aðili) á ekki að bera tjónið sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar. Slík viðtæk skaðabótaábyrgð á ekki við þegar barn, yngri en 10 ára, er aðili að umferðaróhappi og tjón verður á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki í notkun.
- c. tjón sem einhver hinna tryggðu veldur með skaðabótaskyldum hætti sem notandi léttis bifhjóls í flokki I, reiðhjóls eða smáfaratækis skv. skilgreiningu umferðarlaga. Ef um er að ræða tjón af völdum vélknúins farartækis er það skilyrði bótaskyldu skv. þessu ákvæði að um sé að ræða tæki sem ekki kemst hraðar en 25 km/klst. á raf- eða vélarafli.
- d. kostnað við málsvörn sem félagið hefur samþykkt að fara skuli fram.

Ef önnur trygging tekur til tjóns skv. b. lið 23. gr. stofnast ekki bótaréttur sbr. 19. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

24. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki:

- a. tjón sem hinir tryggðu valda hverjir öðrum.
- b. tjón sem verður vegna atvinnu tryggðs hvort sem um er að ræða eigin atvinnurekstur eða atvinnu í þjónustu annarra.
- c. tjón á munum sem tryggður hefur til afnota, til geymslu, eða eru af öðrum orsökum í hans vörslu.
- d. tjón á munum sem tryggður hefur tekið ófrjálsri hendi.
- e. tjón vegna skaðabótakröfu sem fellur á tryggðu sem eigendur eða notendur:
 - húseigna, loftfara, þ.m.t. fylgilda (dróna) hvers konar nema um annað sé samið, skemmtibáta eða hvers kyns vélknúinna farartækja eða vinnuvéla, sbr. þó. c. lið 23. gr.
 - hesta, hunda, annarra húsdýra eða gæludýra.
- f. skaðabótakröfu vegna tjóns á eignum, stafi það af eldsvoða, vatni vegna slökkvistarfs, reyk, sóti eða sprengingu.
- g. sektir, málskostnað eða önnur útgjöld í sambandi við refsímál.
- h. endurkröfu frá Tryggingastofnun ríkisins, Sjúkratryggingum Íslands eða öðrum sambærilegum stofnunum.
- i. tjón sem verður sökum mengunar lofts, jarðar, gróðurs, sjávar eða vatns. Félagið bætir þó þess háttar tjón, ef það verður rakið til eins ákveðins óvænts atburðar. Félagið bætir ekki tjón sem orsakast af langvarandi raka eða vatnsleka.
- j. tjón vegna skotvopna sem tryggður hefur ekki skotvopnaleyfi fyrir.
- k. tjón innan samninga, þ.e. tjón sem tryggður ber ábyrgð á vegna vanefnda á samningi.
- l. tjón sem stafar af handalögmálum eða þátttöku tryggðu í refsiverðum verknaði.
- m. tjón vegna langvarandi raka, vatnsleka, myglu eða sveppagróðurs.

25. gr. Varúðarregla

Tryggðum er óheimilt að eiga við eða breyta hvers konar faratækjum svo sem rafhjólum, smáfaratækjum eða léttum bifhjólum í flokki I, þannig að tækin komist á meiri hraða en 25 km/klst. fyrir eigin raf- eða vélarafli.

26. gr. Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir á Íslandi og á ferðalögum erlendis í allt að 92 daga talið frá brottfaradegi frá Íslandi.

27. gr. Tryggingarfjárhæð

Hámarks tryggingarfjárhæð í hverjum tryggingaratburði er hámark þeirrar höfuðstólskröfu sem félagið ábyrgist. Verði fleiri en eitt tjónsatvik af sömu orsökum teljast þau vera af völdum eins tryggingaratburðar.

Félagið greiðir vexti af bótafjárhæð og kostnað sem til er stofnað með samþykki félagsins til þess að skera úr um skaðabótaskyldu tryggðs, enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr tryggingarfjárhæðinni. Sé tryggingarfjárhæðin lægri en höfuðstóll bótafjárhæðar greiðist aðeins sá hluti kostnaðar og vaxta er svarar til tryggingarfjárhæðarinnar.

28. gr. Tryggingartímabil

Ábyrgðartrygging tekur til atvika sem eiga sér stað á tryggingartímanum jafnvel þótt afleiðingar þess komi ekki fram fyrr en síðar. Tryggingin tekur á hinn bóginn ekki til atvika sem eiga sér stað áður en tryggingin er tekin.

29. gr. Meðhöndlun skaðabótakröfu

Sé gerð skaðabótakrafa á hendur hinum tryggða hefur félagið fyrirvar vegna þeirrar kröfu og eru heimilar hvers kyns ráðstafanir til þess að meðhöndla kröfuna svo sem viðurkenning á bótaskyldu, verjast kröfunni eða gera um hana samkomulag enda eru þessar ráðstafanir á kostnað félagsins svo og málskostnaður vegna þeirra.

Félagið er ekki bundið af því ef tryggður greiðir eða viðurkennir skaðabótakröfu nema leitt sé í ljós að tryggður gerði aðeins það sem honum var skylt að lögum er hann greiddi kröfuna eða viðurkendi réttmæti kröfunnar.

Skilmáli þessi gildir frá 15.05.2023